

Ed. 437. Frumvarp til laga [214. mál]
um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

2. gr.

- a. Skip merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
- b. Rúmlest er brúttórúmllest: 100 teningsfet ensk: 2.83 teningsmetrar.
- c. Mánaður er 30 náttu mánaður, eins og ákveðið er með sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.
- d. Fiskiskip merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
- e. Verzlunarskip merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.
- f. Innanlandssigling er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómílu frá sjálfu landinu.
- g. Utanlandssigling er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
- h. Siglingar innan fjarða eða flóa her að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

3. gr.

- a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skirteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfalli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skirteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.
Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
- b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp, án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að $\frac{1}{5}$ hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.
Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða við veiðarfæri.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og verzlunarskipum allt að 400 rúmllestum.

4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmllestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgönguráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:

- a. þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju;
- b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;
- c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
- d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort;
- e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki;
- f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
- g. þekki reglur um lífgun drukknadra manna;
- h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;

- i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;
- j. sé 19 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgönguráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skirteini, sem veitir rétt til að vera skipsjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskirteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Rétt til vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi sem:

- a. staðizt hefur skipstjórapróf 1. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við 1. bekkjar deildar Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
- b. hefur verið í 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir eða: hefur verið 6 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir í 6 mánuði;
- c. er lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur skipstjórapróf 1. stigs við stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við 1. bekkjar deildir Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
- b. hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
- c. sé minnst 20 ára að aldri;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslensku verzlunarskipi allt að 400 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið meira skipstjóraskirteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskirteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur skipstjórapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;

- b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 6 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði; eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
- c. til þess að öðlast skipstjóraréttindi á fiskiskipi við veiðar þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum stýrimannstíma á fiskiskipum eða minnst 6 mánaða skipstjórátíma af fyrrgreindum tíma á fiskiskipum. Til að öðlast skipstjóraréttindi á verzlunarskipi undir 400 rúmlestir þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum stýrimannstíma sem stýrimaður á verzlunarskipi;
- d. er lögráða;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir hefur sá einn, er fengið hefur meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannaskírteini á fiskiskip, sem:

- a. staðizt hefur skipstjórpróf 2. stigs við Stýrimannaskóla í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
- b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir; eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
- c. til þess að öðlast stýrimannsréttindi á fiskiskipi þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum hásetatíma á fiskiskipum;
- d. er lögráða;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

13. gr.

Rétt til að vera undirstýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunar- og varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, sem fengið hefur undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur skipstjórpróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum, enda fullnæggi hann skilyrðum b-, c- og d-liða 18. greinar.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

15. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðizt skipstjórpróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík;

- b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður;
eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
- c. hefur af siglingatíma þeim, sem um getur í b-lið verið að minnsta kosti 6 mánuði stýrimaður á verzlunarskipi í utanlandssiglingum;
- d. er 25 ára að aldri og lögráða;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

17. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslensku verzlunarskipi eða varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

18. gr.

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðizt skipstjórpróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði.
eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
- c. er lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimann.

19. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins hefur sá einn, sem fengið hefur skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins.

20. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins, sem:

- a. hefur staðizt skipstjórpróf 4. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur siglt sem stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir eða á varðskipi í 24 mánuði og að auki á varðskipi í 12 mánuði og af samanlögðum þessum tíma eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður;
- c. er 25 ára að aldri og lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn:

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti. Sama gildir fyrir verzlunarskip í innanlandssiglingum allt að 400 rúmlestir, sem ekki flytur farþega.
- b. Á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum sé að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip allt að 400 rúmlestum í innanlandssiglingum, er flytur farþega.
- c. Á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, sem er 400 rúmlestir eða stærra og flytur farþega, skulu vera 3 stýrimenn.

Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega.

Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir meira en 12 farþega. Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

22. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 400 rúmlestir og stærri séu að minnsta kosti 3 stýrimenn, en á varðskipum undir 400 rúmlestum sé að minnsta kosti 2 stýrimenn.

23. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við siglingamálastjóra að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa, svo og á dráttarbátum, grafvélum og öðrum fleytum, sem aðallega eru notuð á höfnum inni.

24. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4. gr., 6. gr., 8. gr., 10. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 20. gr. þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini, sem þar um getur. Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem samgönguráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð um sjón og heyrn, og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteinið úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

25. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

26. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýtt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggja ekki þyngrir refsing við að lögum.

V. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

27. gr.

Allir þeir, sem öðlazi hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

28. gr.

Samgönguráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 3. gr. þessara laga, staflið b, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. staflið b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu.

Heimilt er að telja til hásetatíma tíma þann, sem skipverji hefur jafnframt vélstjórástörfum unnið á þilfari.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

30. gr.

Þeir menn, sem öðlazi hafa skipstjóraréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmllestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmllestum, sbr. ákvæði 5.-8. gr. laga þessara.

31. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um réttindi til skipstjórnar á skemmtistiglingabátum 6—30 rúmlesta.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 52 2. maí 1968, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22 3. maí 1972.

Vegna þeirra breytinga, sem þar voru gerðar frá eldri lögum, þótti nauðsynlegt að taka til athugunar löggin um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, nr. 52 2. maí 1968, til samræmingar við hin nýju lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Ný lög

um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, sem nú liggja fyrir Alþingi, gera ráð fyrir samræmdum breytingum.

Samgönguráðherra fól Jónasi Sigurðssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og Kristni Gunnarssyni, deildarstjóra, að gera þessa athugun.

Þar sem orðalagsbreytingar og fleiri breytingar ná til flestra greina laganna, þykir eðlilegra að leggja fram nýtt frumvarp að lögum í heild, heldur en að gera breytingatillögur um hverja einstaka grein fyrir sig.

Meginbreytingin frá eldri lögum er sú, að þar sem samræmt hefur verið náms-efni annars bekkjar farmannadeildar og annars bekkjar fiskimannadeildar, hljóta þeir, sem ljúka prófi úr öðrum bekk stýrimannaskólanna, sömu réttindi, en eftir eldra fyrirkomulagi var því ekki svo varið.

Þau réttindi, sem annars bekkjar próf veitir nú, samkvæmt nýjum lögum um stýrimannaskólana, eru skipstjórnarréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og hvar sem er og skipstjórnarréttindi á verzlunarskipum, allt að 400 rúmlestir í innan- og utanlandssiglingum, eða samskonar réttindi og fiskimannapróf annars stigs veitir nú. Ennfremur undirstýrimannsréttindi á verzlunar- og varðskipum, eða samskonar og farmannapróf annars stigs veitir nú. Þessi réttindi (þ. e. undirstýrimannsréttindi) á verzlunarskipum og varðskipum eru tímabundin samkvæmt gildandi lögum, en samkvæmt frumvarpinu er ætíð ráð fyrir því, að þau verði varanleg. Rétt þykir að skipstjórnarréttindi á hverri tegund skipa verði þó ekki veitt, nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi tegund, þannig, að ekki verði veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum við veiðar, nema eftir ákveðinn siglingatíma á slíkum skipum, og ekki á verzlunar- eða varðskipum, nema eftir ákveðinn siglingatíma á þeim.

Í frumvarpi þessu eru tekin upp orðin skipstjórapróf 1., 2. og 3. stigs í stað farmanna- og fiskimannapróf viðkomandi stiga. Þykir það heppilegra orðalag og lýsa betur þeim lokaréttindum, sem fást að loknu viðkomandi prófi, þ. e. skipstjórarréttindi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar er miðað við lágmarksstærð 6 metrar að lengd í stað þess að miða við rúmlestir. Er það gert til samræmis við lög um skráningu skipa og fleiri lög um þetta efni.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt.

II. KAFLI

Um 4. gr.

Í a-lið hefur verið fellt niður skilyrði um að kunna að leiðrétta fyrir misvísun. Er það gert með tilliti til þess, að öruggara er fyrir menn, sem litla kunnáttu hafa að setja út í sjókort stefnur eftir seguláttum frekar en réttum áttum.

Þá er lagt til, að aldurstakmark samkvæmt j-lið sé 19 ára í stað 18 ára. Telja verður varhugavert að fela yngri mönnum en 19 ára skipstjórn miðað við það hvernig veðurlagi er háttað hér við land.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 6. gr.

Í upphafi greinarinnar er talað um stýrimannsskírteini, en á að vera skipstjóraskírteini.

Um a-lið: Í stað fiskimannaprófs 1. stigs eða farmannaprófs 1. stigs komi skipstjóraþróf 1. stigs.

Í stað námskeið komi 1. bekkjar deildir.

Á eftir b-lið kemur nýr liður, c-liður, um aldurskilyrði, sem virðist hafa fallið niður í gildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 8. gr.

Í upphafi greinarinnar er talað um skipstjóraskirteini, en á að vera stýrimannskirteini.

Um a-lið: Í stað fiskimannaprófs 1. stigs eða farmannaprófs 1. stigs komi skipstjóraþróf 1. stigs.

Í stað námskeið komi 1. bekkjar deildir.

Aldurstakmark samkvæmt e-lið hækkar í 20 ár.

Öryggis vegna þykir rétt að fela ekki yngri manni en tvítugum stýrimannsstöðu á fiskiskipum allt að 120 rúmlestir, jafnvel þótt ekki sé um siglingar milli landa að ræða.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 10. gr.

Í stað fiskimannaprófs í upphafi greinarinnar komi skipstjóraþróf.

Í b-lið 2. málsgreinar hefur tímamarkið verið sett 12 mánuðir sem stýrimaður eða yfirstýrimaður og 6 mánuðir undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir.

Bætt er inn í nýjum lið í greinina, sem verður c-liður um skipstjóraréttindi á fiskiskipi við veiðar og skipstjóraréttindi á verzlunarskipi undir 400 rúmlestir. Vísast til almennra athugasemda hér að framan um þetta.

c-liður, sem áður var, verður d-liður og d-liður e-liður.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 12. gr.

Í a-lið komi skipstjóraþróf í stað fiskimannaprófs.

Bætt er inn í greinina nýjum lið, sem verður e-liður, um hásetatíma á fiskiskipi, til þess að öðlast stýrimannsréttindi á slíku skipi.

c-liður, sem var, verður d-liður, og er aldursmarkið þar fært upp í 21 ár enda er hér um alhliða stýrimannsréttindi á fiskiskipi að ræða.

d-liður verður e-liður.

Um 13. gr.

Þessi grein samsvarar 17. gr. í gildandi lögum. Þykir rétt að hafa þetta ákvæði hér miðað við það próf, sem þarf fyrir þessi réttindi (2. stig).

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. gildandi laga, með breytingum.

Í stað farmannaprófs 2. stigs komi skipstjóraþróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum. Bætt er inn í skilyrði til þessara réttinda samkvæmt b-lið 18. gr.

Tímamark, sem sett er í lok 18. greinar gildandi laga er fellt niður.

Telst hæpið að svifta að ósekju mann þeim réttindum, sem hann hefur þegar aflað sér.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

Um 15. gr.

Þessi grein samsvarar 13. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Samsvarar 14. gr. nógildandi laga.

Í stað farmannapróf, í a-lið, kemur skipstjórpróf.

Í d-lið er bætt við skilyrði um lögræði.

Um 17. gr.

Samsvarar 15. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Samsvarar 16. gr. fyrri laga.

Í stað farmannapróf komi skipstjórpróf.

Um 19. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 20. gr.

Í a-lið komi í stað skipstjórpróf á varðskipum ríkisins skipstjórpróf 4. stigs.

Í e-lið er bætt við ákvæði um lögræði.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

Um 21. gr.

Aftan við a-lið er bætt ákvæði um að samskonar ákvæði gildi fyrir verzlunarskip í millilandasiglingum allt að 400 rúmlestir, sem ekki flytur farþega.

Í síðustu málsgrein b-liðs fyrir aftan orðið verzlunarskip komi „allt að 400 rúmlestir.“

Ákvæði um pósti er sleppt.

Í c-lið er fjöldi stýrimanna miðaður við farþegaklefa fyrir meira en 12 farþega.

Er þetta í samræmi við ákvæði annarra siglingaþjófna um þetta efni.

Um 22. gr.

Ákvæði um fjölda stýrimanna á varðskipum miðist við 400 rúmlesta stærð.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 24.—26. gr.

Greinarnar eru óbreyttar.

V. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

Um 27. og 28. gr.

Greinarnar eru óbreyttar.

Um 29. gr.

Sektarákvæði er breytt úr 20 000.00 kr. í 100 000.00 kr.

Um 30. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 31. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Rétt þykir að veita lagaheimild til að setja reglugerð um skemmtisiglingabáta 6—30 rúmlesta.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Frumvarp þetta var sent eftirtöldum aðilum til umsagnar:

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Siglingamálastofnun ríkisins og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Fylgja álit þessara aðila sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Samgönguráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

1. sept. 1972.

Með bréfi dagsettu 7. júlí 1972 óskar ráðuneytið umsagnar minnar um frumvarp að nýjum lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Ég tel að lögín gangi of skammt í kröfum sínum til þeirra, sem öðlast mega skipstjóraréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er, þar sem þau heimila að maður, sem lokið hefur skipstjórprófi 2. stigs fái fyllstu réttindi, þó hann hafi ef til vill átt allan sinn sjómennzku feril á 31 rl. bát.

Vera má að slíkt tilfelli kæmi ekki til greina í praksis, en heimildin er fyrir hendi engu síður. Til bóta væri að binda hinn fyrirskipaða stýrimannstíma við mikið stærri skip en 30 rl.

Einnig tel ég lögín of væg í kröfunum til skipstjórnarréttinda á verzlunarskipum af öllum stærðum, þar sem þau leyfa að menn, sem kannski aldrei hafa starfað á verzlunarskipi megi vera skipstjórar á þeim. Á ég þar við menn, sem alla sína tíð hafa verið á varðskipum. En til skipstjórastarfa á verzlunarskipum þarf þekkingu sem aðeins verður aflað á þeim.

Tel ég því að gera ætti kröfu um 12 mánaða yfirstýrimannstíma á verzlunarskipi til allra, sem öðlast vilja skipstjóraréttindi á þeim.

21. grein frumvarpsins, er mér ekki alveg ljós að því er varðar fjölda stýrimanna á verzlunarskipum, sem stunda innanlandssiglingar, eru stærri en 200 rl. og flytja ekki farþega og póst. Sýnist mér mega túlka greinina á þann veg, að sigla megi slíku skipi með einum stýrimanni þótt stærð þess sé allt að 1500 rl.

Vegna sumarleyfa hefur dráttur orðið á umsögn þessari og er ráðuneytið beðið velvirðingar á því.

F. h. siglingamálastjóra,

Páll Ragnarsson.

Fylgiskjal II.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 30. ágúst 1972.

Vér höfum mótttekið heiðrað bréf yðar dags. 7. júlí s. l., þar sem oss er sent til umsagnar frv. að nýjum lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á ísl. skipum.

Á fundi stjórnar L. Í. Ú. 29. þ. m. var samþykkt að mæla með að umrætt frv. verði lagt fyrir Alþingi.

Til
samgönguráðuneytisins,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Virðingarfyllst,

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 28. september 1972.

Sem svar við bréfi háttvirts Samgönguráðuneytis dags. 7. júlí 1972 viljum vér segja eftirfarandi.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og kennsla þeirra eru svo nátengd að ekki verður komist hjá að benda á nokkur atriði, sem þarf að taka upp kennslu í eða auka hana áður en atvinnuréttindi séu veitt.

Skóla skipstjórnarmanna þarf að færa mikið út, kennsla í að sigla staða á milli verður aðeins hluti af því námi sem þarf til atvinnuréttinda. Ekki verður hjá því komist að taka upp fasta kennslu í meðferð afla, veiðafæra og í verkstjórn, auk þess þurfa formenn kennslu í meðferð og frágangi á farmi „skiping“. Til athugunar væri að viðbótar kennsla færi fram á námskeiðum áður en viðkomandi mður tekur við 1. stýrimanns eða skipstjórnarstöðu.

2. gr.

Í staflíð d. segir: Fiskiskip merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, en í staflíð a. sömu greinar er ákveðið að miða við 6 rúmlestir. Hér viljum við benda á ósamræmi og að í öðrum lögum t. d. lögum um eftirlit með skipum nr. 52/70. Lögum um skráningu skipa nr. 53/70 og lögum um skipamælingar nr. 50/70. Þar sem allstaðar er miðað við 6 metra lengd skips, en ekki rúmlestatölu.

4. gr.

Við álitum ekki hægt að gera minni kröfur um kunnáttu skipstjórnarmanns en þar er gert. En teljum það ofviða flestum mönnum að skila því efni sem þar er krafist án náms með tilsögn kennara.

Skoðun okkar er sú að þau réttindi sem veitt eru samkvæmt 4. gr. þurfi athugunar við ef ekki eigi að leggja þau alveg niður.

17. gr.

Óeðlilegt er að siglingartími á varðskipum eingöngu veiti rétt til skipstjórnarstarfa á verzlunarskipum.

Þá leggjum við til að nafnið Skipstjóráskirteini verði breytt í Skipstjórnarskirteini.

Þar sem ný lög um Stýrimannaskólana koma til framkvæmda á þessu ári ásamt breyttri námskrá. Þar sem krafist er ákveðins lánmarks náms til inntöku í skólana, ætti eð veitast svigrúm til aukins sérnáms skipstjórnarmanna. Leggjum við til að

lög um Stýrimannaskóla og atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, verði endurskoðuð í heild þegar betur eru ljós áhrif nýgerðra skólalaga.

Virðingafyllst,

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Ingólfur Stefánsson.

**Samgönguráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.**